

og allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 8 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. ágústmán.

Nr. 32/1887.

Sigurður Waage verzlunarstjóri
gegn

Valgarði Breiðfjörð kaupmanni.

D ó m u r :

Í októbermánuði síðastliðið haust voru fluttar í land úr póstgufuskipinu nokkrar vörur, alls 4 »colly«, tilheyrandi hinum stefnda, Valgarði kaupmanni Breiðfjörð, á uppskipunarbát verzlunar kaupmanns Jóns O. V. Jónssonar, sem áfrýjandinn Sigurður Waage veitti forstöðu. Vörur þessar ljet hinn stefndi sækja, og voru honum viðstöðulaust afhentar þær, en þegar hann síðar var krafinn um uppskipunargjaldið, neitaði hann að greiða það. Í næsta mánuði á eptir fluttust aptur í land á uppskipunarbát sömu verzlunar ýmsar vörur tilheyrandi hinum stefnda, alls 5 »colly«. Hinn stefndi vildi nú hvorki greiða uppskipunargjald fyrir þessar vörur, nje heldur hinar vörurnar, sem fluttar voru í land í októbermánuði. Stefnandinn ljet þó allar vörurnar af hendi við stefnda, þegar þeirra var vitjað, nema 1 sykirkassa (kandískassa); honum hjelt hann eptir til tryggingar

fyrir uppskipunargjaldinu, er hann taldi alls 1 kr. 8 au., nl. 48 aura í október og 60 aura í nóvember. Valgardur kaupmaður Breiðfjörð höfðaði þá mál á móti Sigurði Waage út af sykurkassanum, og var það dæmt í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur-kaupstaðar hinn 21. aprílmán. síðastl. á þá leið, að Sigurður Waage var skyldaður til þess að greiða Valgarði Breiðfjörð andvirði sykurkassans, eins og hann hafði talið það, 18 krónur, og 5% vexti af tjeðri upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur Sigurður Waage áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. maímán. þ. á., og gjört þá rjettarkröfu, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum hins stefnda, en að stefnda verði gjört að skyldu að greiða 1 kr. 8 aura, eða í öllu falli 60 aura gegn afhendingu sykurkassans; þess utan krefst hann málskostnaðar, og að stefndi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu. Aptur á móti hefur hinn stefndi krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða 40 kr. eða eitthvað nægilegt í málskostnað fyrir yfirdómi.

Það verður eptir atvikum að álíta það nægilega upplýst í málinu, að formenn uppskipunarbáta þeirra, er hafðir eru til vöruflutninga úr póstskipinu hjer á höfninni, eru eigi einráðir um það, hvaða vörum þeir veita móttöku við skipshliðina til flutnings í land, og að þeir verða að taka til land-flutnings þær vörur, sem stýrimenn gufuskipanna afhenda þeim, án tillits til hver sje eigandi þeirra. Þannig hefur það atvikazt, að vörur hins stefnda voru fluttar í land á uppskipunarbátum áfrýjandans, þótt hvorugur málsaðila ætlaðist til þess,

og það enda væri beint á móti undirlagi áfrýjanda. En af þessu leiðir aptur, að auglýsing hins stefnda um uppskipun á vörum hans, er hann vitnar til og prentuð var í »Þjóðólfi«, er þýðingarlaus fyrir úrslit máls þessa. Þar sem nú áfrýjandinn þannig eigi gat komizt hjá því, að taka á móti nefndum vörum við skipshlið, hlaut hann að flytja þær í land, því að tæplega gat honum verið heimilt að varpa þeim í sjóinn, en eptir gamalli venju (coutume), sem er alkunnug hjer í kaupstaðnum, mátti hann ganga að því vísu, að hann fengi venjulegt endurgjald fyrir flutninginn frá eiganda varanna. Samkvæmt venju þessari, sem er í fyllsta samræmi við almennar rjettar-reglur, átti hinn stefndi að greiða uppskipunargjaldið um leið og honum voru afhentar vörurnar, og er hann eigi gjörði það, var áfrýjanda heimilt að halda vörunum í vörzlum sínum, þar til gjaldið væri greitt; hann hafði að lögum haldsrjett yfir þeim. Þannig getur hinn stefndi því að eins fengið dóm fyrir andvirði sykurassans,—en upphæð þess hefur áfrýjandi eigi mótmælt—, að hann greiði uppskipunargjald fyrir kassann og vörur þær, er fluttar voru í land á bát áfrýjanda um leið og kassinn, en flutningsgjaldið fyrir vörur þessar er talið 60 aurar, og hefur stefndi eigi sjerstaklega athugað neitt við þessa upphæð. Með því að áfrýjandi eigi hefur gagnstefnt málinu í hjeraði, verður eigi í þessari sök tekið tillit til uppskipunargjaldsins fyrir vörur þær, er fluttar voru í land í októbermánuði í fyrra, þar eð haldið á sykurassanum eigi stendur í neinu löglegu sambandi við land-flutninginn á þeim.

Samkvæmt framanrituðu á áfrýjandinn að greiða hinum stefnda andvirði sykurassans 18 kr., að fráðregnu

áminnztu flutningsgjaldi 60 aur., eða 17 kr. 40 aura; um greiðslu vaxta er eptir atvikum málsins eigi að ræða.

Það er eigi ástæða til þess, að sekta stefnda fyrir óparfa málsýfingu, og málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Sigurður Waage, greiði hinum stefnda, Valgarði Breiðfjörð, 17 kr. 40 aura. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 39/1887.

Hið opinbera

gegn

Birni presti Þorlákssyni

D ó m u r :

Með eigin játningu hins kærða, Björns prests Þorlákssonar á Dvergasteini, og öðrum atvikum, er það löglega sannað, að hann 28. dag júnímán. 1885 um kvöldið ljét vinnumenn sína fara í nótt-kví eina, er lá úti fyrir landi hans, skammt undan landi, til þess að reyna að ná síld úr henni með viðjar-körfu, og er það eigi tókst, fór hann sjálfur með öðrum manni um miðnætti út, og drógu þeir fyrir í nótt-kvinni með neti, og náðu með því móti 213 síldum, er hinn kærði notaði að því sjeð verður til beitu, að undan-skildum 50 síldum, er hann seldi öðrum manni fyrir 2 kr. Nótt-kvína áttu þeir O. Wathne, V. T. Thostrup og norskt síldveiðafjelag eitt á Seyðisfirði, og kærðu þeir Björn prest Þor-